

Lokaskýrsla um styrk úr kennslumálasjóði HÍ, leið B.

Námsbraut í fornleifafræði fékk í apríl 2019 styrk úr Kennslumálasjóði fyrir verkefnið **MA in Historical Archaeology / International fieldschool**. Markmiðið var að vinna að eflingu MA náms í fornleifafræði, og fólst það annarsvegar í endurskipulagningu námsins undir nýju heiti og hins vegar í undirbúningi fyrir stofnun alþjóðlegs vettvangsskóla í fornleifafræði. Dr. Hildur Gestsdóttir var ráðinn sem verkefnastjóri og starfaði í hún í hálfu starfi við verkefnið frá 1. júlí 2019 til 1. júlí 2020. Nafni meistaranáms í fornleifafræði var breytt í „Söguleg fornleifafræði, MA“ / „Historical Archaeology, MA“ á námsbrautarfundi 16. apríl og í kjölfarið í viðeigandi stofnunum háskólans og tók breytingin gildi frá og með námsskrá 2021-22.

Í starfi Hildar var aðaláhersla lögð á að undirbúa stofnun vettvangsskóla á Hofstöðum í Mývatnssveit. Hún átti í viðræðum við menntamálaráðuneytið og kynnti ítarlega skýrslu með tillögum um skólann, átti í nánu samstarfi við Minjastofnun (sem hefur umsjón með húsum á Hofstöðum) og útfærði tillögur um breytingar á húsunum svo þau henti betur fyrir starfsemi vettvangsskóla, sem síðan hefur verið unnið eftir. Stór hluti starfsins fólst í að útfæra skipulag vettvangsnámsins í samstarfi við fornleifadeildir Háskólanna í Osló og Uppsölum og var send inn umsókn í **NORDPLUS** áætlunina sem fékk jákvæða umsögn en ekki úthlutun. Sú vinna og ábendingar sjóðsins munu nýtast við áframhaldandi styrkjasókn. Einnig voru lögð drög að samstarfi við City University of New York og University of Durham og fékkst styrkur frá Fornminjasjóði til að halda prufu-námskeið sumarið 2020. Einnig fékkst styrkur til tækjakaupa fyrir vettvangsrannsóknirnar sem námskeiðinu tengdust. Vegna kórónuveirufaraldursins komust engir af hinum erlendu nemendum og kennurum til landsins og var námskeiðið keyrt sumarið 2020 með minna sniði en til stóð, tveir kennarar með þremur íslenskum nemendum. Engu að síður fékkst mikilvæg reynsla sem mun nýtast þegar fært verður að halda skólann á ný. Hildur kannaði þar fyrir utan ýmsa möguleika á samstarfi og samlegðaráhrifum við stofnanir innan og utan HÍ og liggur fyrir skýr mynd á helstu möguleikum hvað það varðar.

Því miður tók kórónuveirufaraldurinn dampinn úr þessu verkefni en engu að síður er búið að vinna mikla og góða vinnu sem mun koma að gagni þegar verkefnið verður keyrt af stað aftur. Áætlanir um vettvangsskólann voru kynntar víða um lönd og hafa spurst út víðar. Það eitt og sér hefur skilað sér í auknu rannsóknarsamstarfi og haustið 2021 hefur þegar orðið umtalsverð fjölgun í meistaranámi í fornleifafræði.

Reykjavík, 30. desember 2021

Fyrir hönd námsbrautar í fornleifafræði



Orri Vésteinsson
Prófessor í fornleifafræði